



FUNDARGERÐ 503. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 18. september 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja staðfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlööversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Drög að fjárhagsáætlun SORPU bs. fyrir árið 2025

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun SORPU fyrir rekstrarárið 2025.

Forsendur áætlunar eru ræddar og skal stefnt að því að ítarleg greinargerð fylgi áætlun.

Fjárhagsáætlun er vísað til áframhaldandi umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

2. Bótaábyrgð Mannvits (nú COWI) í kjölfar dóms um skaðabótaskyldu SORPU gagnvart ÍAV

Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður tengist fundinum með fjarfundarbúnaði undir þessum lið.

Eva Bryndís gerir grein fyrir niðurstöðu samningaviðræðna við COWI í kjölfar dóms um skaðabótaskyldu SORPU gagnvart ÍAV.

Stjórn samþykkir tilboð COWI um greiðslu bóta og felur framkvæmdastjóra að ljúka málinu.

3. Framlenging á samningi við PwC um innri endurskoðun SORPU bs. og verkefnaáætlun innri endurskoðunar

Framkvæmdastjóri leggur fram bréf endurskoðunarnefndar SORPU, dags. 16. september 2024, um framlengingu á samningi við PwC um innri endurskoðun SORPU bs., verkefnaáætlun PwC og drög að viðaukasamningi við PwC, sem gildir til ársloka 2024.

Stjórn samþykkir viðaukasamninginn.



4. Breyting á viðskiptabanka SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir áformum um breytingu á viðskiptabanka SORPU bs. Ósk um tilboð var send viðskiptabönkum og er niðurstaðan sú að Íslandsbanki gerir hagstæðasta tilboð í viðskipti SORPU. Fjármálastjóri leggur til að færa viðskipti SORPU til Íslandsbanka.

Stjórn SORPU samþykkir tillöguna.

5. Önnur mál

Fjárfesting og fjármögnun nýrrar endurvinnslustöðvar SORPU við Lambhagaveg rædd. Málið verður kynnt með ítarlegri hætti á næsta reglulega fundi stjórnar. Stjórn kallar auk þess eftir uppfærðri tímalínu framkvæmda við Lambhagaveg á næsta reglulega fundi.

Formaður kynnir tillögu um stofnun starfskjaranefndar SORPU. Stjórn vísar málinu til framkvæmdastjóra og felur honum að móta nánar útfærslu nefndarinnar fyrir næsta fund.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 25. september klukkan 09:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:42.